



**NÝHERJI**

VERÐBRÉFALÝSING MARS 2008

# Efnisyfirlit

Áhættupættir .....	3
1.1 Almenn áhætta hlutabréfa .....	3
1.2 Seljanleikaáhætta .....	3
1.3 Lagaumhverfi .....	4
1.4 Útgáfa nýrra hlutabréfa getur þynnt hlutafjáreign hluthafa .....	4
1.5 Uppbygging á eignarhaldi .....	4
Ábyrgðaraðilar, löggiltir endurskoðendur og umsjónaraðili .....	5
2.1 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda .....	5
2.2 Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda .....	5
2.3 Yfirlýsing umsjónaraðila .....	6
Skilgreiningar og tilvísanir .....	7
Tilkynning til fjárfesta .....	8
Helstu upplýsingar .....	10
5.1 Veltufé, fjármögnun og skuldastaða .....	10
5.2 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast skráningunni .....	11
5.3 Ástæður útboðs og ráðstöfun nýrra hluta .....	11
5.4 Þynning .....	12
5.5 Kostnaður vegna lýsingar, útboðs og tóku til viðskipta .....	12
Upplýsingar um hlutabréfin .....	13
6.1 Hlutafé .....	13
6.2 Tegund og flokkur hlutabréfanna sem á að skrá .....	13
6.3 Réttindi og skyldur .....	13
6.4 Arðgreiðslur .....	14
6.5 Yfirtökutilboð .....	15
6.6 Innlausn .....	15
6.7 Slit eða skipti á félaginu .....	16
6.8 Heimildir til hlutafjárukningar .....	16
6.9 Skattamál .....	16
Skilmálar útboðsins .....	17
7.1 Útboðsfjárhæð, sölutímabil og gengi .....	17
7.2 Söluþyrirkomulag .....	17
7.3 Greiðsluþyrirkomulag, afhending og gjalddagi .....	18
7.4 Sölutrygging .....	18
7.5 Niðurstöður hlutafjárukningarinnar .....	18

# Áhættuþættir

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættu. Nýherjasamstæðan starfar á mörkuðum þar sem fjölmargir þættir geta haft áhrif á rekstur og starfsemi. Ekki er hægt að ábyrgjast að fjárfesting í hlutabréfum útgefanda verði arðsöm. Áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin er aðilum sérstaklega bent á að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í verðbréfalýsingu þessari ásamt öðrum skjölum sem lýsingin samanstendur af. Einnig er væntum fjárfestum bent á að leita sér óháðrar fjárfestingarráðgjafar við mat á kaupum í bréfum útgefanda. Sérstaklega er bent á 1. kafla útgefandalýsingar um áhættuþætti ásamt umfjöllun þessa kafla verðbréfalýsingar. Hafa ber í huga að umfjöllunin hér að neðan og umfjöllun í áhættukafla í útgefandalýsingu er ekki tæmandi heldur er fjallað um alla þá áhættuþætti sem hafa mikilvæga þýðingu varðandi fjárfestingu í hlutabréfum útgefanda.

## 1.1 Almenn áhætta hlutabréfa

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu. Verð hlutabréfa endurspeglar oftast en ekki væntingar og er háð mismunandi áhættuþáttum er geta haft áhrif á verðmæti hlutabréfanna. Sveiflur í verði hlutabréfa geta verið töluverðar vegna margvíslegra þátta, t.d. breytinga á afkomu, breytinga á markaðsumhverfi, opinberrar umfjöllunar og breytinga á samkeppnisstöðu útgefanda. Breytingar á lagaumhverfi og reglugerðum á hverjum tíma geta einnig haft veruleg áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

Fjárfestum er bent á að hafa í huga að hlutabréf eru réttlægri kröfur en aðrar kröfur á eigin félagsins, svo sem viðskiptakröfur, lán frá lánastofnunum og launakröfur starfsmanna.

Fjárfesting í hlutabréfum er áhættusamari en fjárfesting í skuldabréfum. Fjárfestingar í hlutabréfum hafa víða reynst arðsamari til lengri tíma lítið en fjárfestingar í skuldabréfum, en þrátt fyrir það getur fjárfesting í hlutabréfum reynst lakari fjárfestingarkostur sé lítið til lengri tíma en fjárfesting í skuldabréfum og jafnvel leitt til taps. Nauðsynlegt er að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfesting í hlutum útgefanda reynist arðsöm. Einnig er vert að hafa í huga að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hættu fyrir hendi að hlutabréf geti lækkað í einstökum félögum. Því er væntanlegum fjárfestum bent á að leita sér fjárfestingarráðgjafar og dreifa áhættu sinni.

## 1.2 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta er fólgin í því hversu auðvelt er að selja eign innan ásættanlegs tíma og á verði sem er sem næst raunverulegu virði. Mælikvarði fyrir þennan áhættuþátt er munur á

kaup- og sölutilboðum á markaði. Áhættan felst annars vegar í því magni sem boðið er í og til sölu er af ákveðnum bréfum á hverjum tíma, þ.e. tekur markaðurinn við því magni sem vilji er til að selja. Hins vegar er áhættan fólgin í því verði sem er á markaði á þeim tíma sem um ræðir, tilboð um kaup eða sölu á miklu magni samskonar bréfa geta haft umtalsverð áhrif á verðmyndun þeirra.

Hér er bent á að viðskipti með hlutabréf útgefanda í OMX ICE hafa verið strjálari en viðskipti með skráð hlutabréf margra annarra félaga í kauphöllinni. Því má ætla að meiri seljanleikaáhætta sé fyrir hendi með bréf útgefanda en margra annarra félaga í OMX ICE.

### 1.3 Lagaumhverfi

Nýjar lagasetningar og nýjar túlkanir framkvæmda- og eftirlitsaðila á gildandi lögum geta haft veruleg áhrif á áframhaldandi tekjumyndun eða vöxt útgefanda.

Útgefandi er hlutafélag með takmarkaðri ábyrgð og starfar í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög. Útgefandi fellur undir ákvæði íslenskra laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, og reglugerðir settar á grundvelli þeirra laga. Útgefandi er skráður á aðalmarkað OMX ICE og fellur því undir reglur OMX ICE er lúta að slíkri skráningu.

Þeir sem fjárfesta í hlutum útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfiðskipti, svo sem reglur um yfirtökutilboð og flöggunar skyldu.

Útgefandi tekur ekki ábyrgð á upplýsingum um lagabreytingar eða breytta lagaframkvæmd sem taka gildi eftir útgáfudag lýsingar þessarar.

### 1.4 Útgáfa nýrra hlutabréfa getur þynnt hlutafjáreign hluthafa

Auki útgefandi hlutafé sitt mun hlutfallsleg hlutafjáreign hluthafa minnka í samræmi við það nema hluthafi auki eign sína til samræmis. Margvíslegar ástæður geta legið að baki aukningu hlutafjár. Oft er um að ræða fjármögnun nýrra verkefna með það að markmiði að gera félagið verðmætara til lengri tíma litið. Fjárfestar geta því staðið frammi fyrir aukinni áhættu í tengslum við fjárfestingu sína sem og að hlutfallslegt vægi fjárfestingar í félagi minnki. Fjárfestum er bent á að ávallt er möguleiki á að útgefandi auki hlutafé sitt í framtíðinni.

### 1.5 Uppbygging á eignarhaldi

Skortur á leiðandi fjárfestum í félagi eða mikil samþjöppun á eignarhaldi eru áhættuþættir fyrir fjárfesta. Fjárfestum er bent á að hafa í huga að eignarhald í félaginu getur breyst snögglega og án fyrirvara.

# Ábyrgðaraðilar, löggiltir endurskoðendur og umsjónaraðili

## 2.1 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Nýherji hf., kennitala 530292-2079, Borgartúni 37, 108 Reykjavík, lýsir því yfir sem útgefandi að samkvæmt bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 14. mars 2008

Fyrir hönd útgefanda

Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður

Þórður Sverrisson, forstjóri

## 2.2 Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda

KPMG hf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað og áritað án fyrirvara samstæðuársreikninga Nýherja hf. fyrir árin 2005, 2006 og 2007. KPMG hf. staðfesti að reikningarnir voru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og gáfu glögga mynd af rekstri og fjárhagsstöðu samstæðunnar.

KPMG hf. staðfestir að upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari, sem varða þau reikningsskil, eru í samræmi við ofangreinda samstæðuársreikninga.

Reykjavík, 14. mars 2008

Fyrir hönd KPMG hf.

Sæmundur Valdimarsson, löggiltur endurskoðandi

Ólafur Már Ólafsson, löggiltur endurskoðandi

## 2.3 Yfirlýsing umsjónaraðila

Sparisjóður Mýrasýslu, kennitala 610269-5409, Digranesgötu 3, 310 Borgarnesi, hefur umsjón með útbóði og töku nýrra bréfa til viðskipta hjá OMX ICE og hefur meðal annars verið ráðgjafi útgefanda við gerð þessarar verðbréfalýsingar. Sparisjóður Mýrasýslu lýsir því yfir að við gerð lýsingarinnar var aflað þeirra gagna sem að mati Sparisjóðs Mýrasýslu voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af Nýherja hf. og verðbréfum félagsins og að mati Sparisjóðs Mýrasýslu var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á verðbréfum útgefanda sem óskað er eftir að tekin séu til viðskipta.

Borgarnesi, 14. mars 2008

Fyrir hönd umsjónaraðila

Stefán Sveinbjörnsson, forstöðumaður fyrirtækjasviðs

## Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“, „móðurfélagsins“ eða „félagsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Nýherja hf., kennitala 530292-2079, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Nýherja“, „Nýherjasamstæðunnar“ eða „samstæðunnar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til samstæðu Nýherja hf., kennitala 530292-2079, þ.e. til útgefanda ásamt dótturfélögum þess, þegar textinn varðar núverandi rekstur, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Skammstöfunin „OMX ICE“ og hugtakið „kauphöll“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til OMX Nordic Exchange Iceland, sem rekið er af OMX AB, íslensk kennitala 681298-2829, nema annað megi skilja af samhengi textans. Orðalagið „skráning“ og „skráning á OMX ICE“ skal túlkað sem tilvísun til skráningar nýrra hluta útgefanda á OMX ICE sem tekur hluti útgefandi til viðskipta, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Skammstöfunin „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Skammstöfunin „VBSÍ“ eða vísun til „Verðbréfaskráningar Íslands“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Verðbréfaskráningar Íslands hf., kt. 500797-3209, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun í „TM Software“ og „TM Software samstæðuna“ skal túlkuð sem tilvísun til TM Software hf., kennitala 440786-1119, og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „umsjónaraðili“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkað sem tilvísun til Sparisjóðs Mýrasýslu, kennitala 610269-5409, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Sparisjóðs Mýrasýslu“ og „SPM“ skal túlkuð sem tilvísun til Sparisjóðs Mýrasýslu, kennitala 610269-5409, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum, nema annað megi skilja af samhengi textans.

## Tilkynning til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi hefur verið yfirfarin af OMX ICE fyrir hönd FME. Verðbréfalýsingin er hluti af lýsingu sem útbúin var í tengslum við aukningu hlutafjár Nýherja hf., samfara kaupum á eignarhlutum í TM Software hf. Á útgáfudegi verðbréfalýsingar er búið að ganga frá kaupum útgefanda á 92,5% hlutafjár í TM Software.

Hlutafjárukning fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, þar á meðal tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003, um lýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa, sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt. Núverandi löggjöf og reglur eru hafðar til hliðsjónar við gerð þessarar verðbréfalýsingar, svo og reglur OMX ICE um slíkar lýsingar.

Lýsingin er gefin út á íslensku og samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum:

- Samantekt
- Útgefandalýsingu
- Verðbréfalýsingu

Rafræn útgáfa lýsingarinnar er birt á heimasíðu útgefanda, [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is), auk þess er hún aðgengileg á heimasíðu umsjónaraðila, [www.spm.is](http://www.spm.is), og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is). Lýsing þessi er gild í 12 mánuði frá útgáfudegi og aðgengi að henni verður tryggt í þann tíma. Eftirfarandi skjöl eru felld inn í lýsinguna með tilvísun, en skjölin eru aðgengileg á heimasíðu útgefanda, [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is): samþykktir útgefanda og endurskoðaðir samstæðuársreikningar útgefanda fyrir árin 2005, 2006 og 2007.

Sparisjóður Mýrasýslu vann að gerð lýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal endurskoðuðum ársreikningum sem og upplýsingum sem teknar voru saman af ParX ehf.; dótturfélagi útgefanda.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér ítarlega skjöl er tilheyra lýsingunni. Fjárfestar eru hvattir til að skoða kafla um áhættu og skoða yfirlýsingar útgefanda, umsjónaraðila og endurskoðenda. Upplýsingar sem fram koma í skjölum þessarar lýsingar byggjast á gögnum á þeim tíma er lýsingin er unnin og geta breyst frá útgáfudegi lýsingarinnar. Fjárfestum er bent á að fylgjast með fréttum og tilkynningum sem kunna að birtast opinberlega um útgefanda frá og með útgáfudegi lýsingarinnar.

Ekki má skoða eða túlka verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingunni sem loforð um sérstakan árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda eða umsjónaraðila. Kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og er vert að hafa það í huga við mat á fjárfestingu. Því verða

fjárfestar að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum Nýherja. Fjárfestum er bent á að útgefandi starfar á markaði sem einkennist af aukinni samkeppni. Hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga til aðstoðar við mat á hlutabréfum í Nýherja, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum. Fjárfestum er ráðlagt að leita óháðrar ráðgjafar þegar skoðuð er lagaleg staða og skattaleg áhrif sem kaup í hlutum útgefanda geta haft.

Hagsmunum umsjónaraðila er lýst í kafla sem ber heitið „Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast skráningunni“.

Félagið ber upplýsingaskyldu gagnvart OMX ICE í samræmi við gildandi löggjöf á Íslandi og reglur OMX ICE á hverjum tíma. Í samræmi við núgildandi reglur fyrir útgefendur verðbréfa í OMX ICE, sem tóku gildi 1. nóvember 2007, skal félagið kappkosta að birta opinberlega án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem það vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfa þess.

Ekki skal dreifa upplýsingum úr lýsingu þessari eða senda í pósti til landa þar sem slíkt myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða annarra aðgerða en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða sem stangast á við lög eða reglur þeirra landa sem um ræðir hverju sinni. Þá skal ekki senda út þessa verðbréfalýsingu, beint eða óbeint, með pósti eða öðrum aðferðum til Bandaríkjanna og ekki heldur innan þeirra, Ástralíu, Kanada eða Japan, og er þá átt við faxsendingar, tölvupóst, símskeyti, símtöl og vefsíður (þessi upptalning er ekki tæmandi).

#### **Skjöl til sýnis:**

Á líftíma verðbréfalýsingar þessarar verða eftirfarandi skjöl til sýnis á heimasíðu útgefanda, [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is):

- Samþykktir Nýherja hf.
- Samstæðuársreikningar Nýherja hf. fyrir árin 2005, 2006 og 2007.

# Helstu upplýsingar

## 5.1 Veltufé, fjármögnun og skuldastaða

Útgefandi lýsir því hér með yfir að hann telji veltufé vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfir hans og að ekki sé þörf á frekari lánsfjármögnun miðað við núverandi starfsemi. Kaupin á ráðandi eignarhlut í TM Software hf. eru að stærstum hluta fjármögnuð með útgáfu nýs hlutafjár. Í tengslum við kaupin var tekið nýtt langtímalán í lok janúar 2008 að fjárhæð 400 m.kr. Þá var einnig tekið brúarlán vegna kaupanna en það lán greiðist niður þegar útboðsferli lýkur. Vísað er til liðar 9.5 í útgefandalýsingu varðandi áhrif af kaupum á TM Software hf. á fjármagnsskipan samstæðunnar.

Í töflum hér að aftan er hægt að sjá fjármögnun og nettó skuldastöðu samstæðunnar eins og hún var miðað við endurskoðaðan samstæðuársreikning í lok árs 2007. Heildareignir Nýherja námu í árslok 5.661 m.kr. Eigið fé nam 1.764 m.kr. Heildarskuldir voru 3.897 m.kr. en þar af voru vaxtaberandi kuldir 1.664 m.kr. Ítarlegri upplýsingar um einstaka liði er að finna í endurskoðuðum samstæðureikningi útgefanda fyrir árið 2007.

<b>Fjármögnun í þús.kr.</b>	<b>31.12.2007</b>
<b>Samtals skammtímaskuldir .....</b>	<b>2.716.696</b>
- með ábyrgðum .....	0
- með veði í rekstrarfjármunum .....	148.593
- án ábyrgða/veðs .....	2.568.103
<b>Samtals langtímaskuldir (án skammtímahluta langtímaskulda) .....</b>	<b>1.110.529</b>
- með ábyrgðum .....	0
- með veði í rekstrarfjármunum .....	657.831
- án ábyrgða/veðs .....	452.698
<b>Samtals eigið fé .....</b>	<b>1.763.961</b>
<b>Eigið fé:</b>	
Hlutafé .....	225.635
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár .....	153.266
Annað bundið eigið fé .....	29.361
Óráðstafað eigið fé .....	1.341.450
Hlutdeild minnihluta .....	14.249
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>5.591.186</b>

<b>Nettó skuldastaða í þús. kr.</b>	<b>31.12.2007</b>
Handbært fé .....	117.882
Markaðsverðbréf og annað ígildi handbærs fjár .....	0
<b>Greiðsluhæfi .....</b>	<b>117.882</b>
<b>Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....</b>	<b>2.486.115</b>
Yfirdráttarlán .....	269.932
Næsta árs afborgun vaxtaberandi langtímalána .....	283.427
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	2.163.337
<b>Samtals skammtímaskuldir .....</b>	<b>2.716.696</b>
<b>Nettó skammtíma skuldastaða .....</b>	<b>112.699</b>
Vaxtaberandi langímaskuldir (án skammtímahluta) .....	1.110.529
Skuldabréfalán .....	0
Aðrar langímaskuldir .....	0
<b>Samtals langímaskuldir .....</b>	<b>1.110.529</b>
<b>Nettó skuldastaða .....</b>	<b>1.223.228</b>

## 5.2 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast skráningunni

Sparisjóður Mýrasýslu hf. er umsjónaraðili lýsingar þessarar. Sparisjóður Mýrasýslu og þeir starfsmenn hans sem komu að gerð lýsingarinnar eiga ekki eignarhluti í útgefanda. Fyrir þjónustu sína fær Sparisjóður Mýrasýslu greidda þóknun frá útgefanda.

## 5.3 Ástæður útboðs og ráðstöfun nýrra hluta

Heildarfjárhæð útboðsins er allt að 990 m.kr. eða 45 milljónir hluta á genginu 22, sem var skráð gengi í félaginu 11. október 2007 þegar samið var um kaup á ráðandi hlut í TM Software hf. Þegar þessi verðbréfalýsing er gefin út er Nýherji hf. búin að ganga frá kaupum á 92,5% hlutafjár í TM Software hf. Af útgefnum nýjum hlutum fara 15.902.553 hlutir til hluthafa í TM Software hf. sem hluti af greiðslu fyrir eignarhlut þeirra, 27.097.447 hlutir verða boðnir núverandi hluthöfum og 2.000.000 hlutir verða boðnir starfsmönnum Nýherja-samstæðunnar. Núverandi hluthafar Nýherja hf. falla frá forkaupsrétti sínum á hlutum sem notaðir eru sem hluti af greiðslu fyrir eignarhlut í TM Software hf. og hlutum sem boðnir eru til starfsmanna.

Ástæða útgáfu nýrra bréfa eru kaup útgefanda á ráðandi hlut í TM Software hf. Verð hluta miðast við að heildarverð hluta í því félagi nemi 1.406 m.kr. en útgefandi hefur boðið öðrum hluthöfum í TM Software hf. að selja hlut sinn á sömu kjörum og þeir hlutir er þegar hafa verið seldir gegn staðgreiðslu. Fyrir liggja undirritaðar yfirlýsingar frá 11 einstökum hluthöfum Nýherja hf., sem eru á meðal 14 stærstu hluthafa í félaginu og eiga samtals 83,3% af virkum hlutum, um að þeir skuldbindi sig til að skrá sig a.m.k. fyrir hlutum í hlutfalli við

hlutafjäreign sína í útboði. Þá skuldbinda þeir sig einnig til að kaupa alla þá hluti sem ekki fæst áskrift fyrir og deilast þeir hlutir á viðkomandi hluthafa í samræmi við eignarhlut hans.

## 5.4 Þynning

Við útgáfu þessarar lýsingar er heildarfjöldi hluta í Nýherja hf. 235 milljónir og verða því samtals 280 milljónir eftir aukningu hlutafjár að því gefnu að allt nýtt hlutafé seljist.

Ef núverandi hluthafi nýtir sér rétt sinn í útboðinu að fullu mun hlutfallsleg þynning á hlut hans í Nýherja hf. verða 6,4% að því gefnu að allir þeir hlutir sem boðnir verða starfsmönnum og hluthöfum seljist.

Ef hluthafi nýtir ekki forgangsrétt sinn í útboðinu mun hlutfallsleg þynning á hlut hans verða allt að 16,6%.

## 5.5 Kostnaður vegna lýsingar, útboðs og töku til viðskipta

Kostnaður útgefanda vegna töku nýrra bréfa til viðskipta, vinnu við lýsingu og útboð nemur um 11 m.kr. Er hér um að ræða þóknum umsjónaraðila og annan tilfallandi kostnað s.s. þóknun OMX ICE, Verðbréfaskráningar Íslands, endurskoðanda og kostnað vegna prentunar og auglýsinga.

# Upplýsingar um hlutabréfin

## 6.1 Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins er 235 milljón hlutir samkvæmt samþykktum þess frá 25. janúar 2008 og hafa ekki verið gerðar breytingar á hlutafé fram að útgáfudegi lýsingarinnar. Hver hlutur er ein íslensk króna að nafnverði. Eigin bréf útgefanda eru um níu milljónir hluta. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir.

Þessi verðbréfalýsing er gefin út í tengslum við útgáfu á allt að 45 milljónum nýrra hluta í Nýherja hf. á genginu 22, og nemur heildarfjárhæð útgáfunnar því 990 m.kr. að því gefnu að allt nýtt hlutafé seljist. Heildarhlutafé félagsins verður því allt að 280 milljón hlutir eftir að útboði lýkur.

## 6.2 Tegund og flokkur hlutabréfanna sem á að skrá

Útgefið hlutafé í félaginu tilheyrir allt sama flokki og fellur útgáfa nýrra bréfa undir sama flokk. Öll ný hlutabréf útgefanda verða skráð á aðallista OMX ICE. Bréfin verða gefin út í íslenskum krónum. Hlutabréfin eru gefin út í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög, og eru gefin út á nafn og kennitölu hluthafa.

Í samþykktum útgefanda er kveðið á um að hlutabréf skuli vera gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Hlutabréf útgefanda eru skráð með rafrænum hætti hjá Verðbréfaskráningu Íslands til heimils að Laugavegi 182 í Reykjavík.

Auðkenni hlutabréfanna hjá OMX ICE er NYHR og ISIN-númer hlutabréfanna er IS0000000396.

Útgefandi hefur ekki uppi áform um að óska eftir skráningu á hlutum sínum í öðrum kauphöllum en OMX ICE.

## 6.3 Réttindi og skyldur

Allt hlutafé er jafnréttthátt og engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hlutafjäreigendur eiga rétt á að mæta á hluthafafundi og neyta atkvæðisréttar síns, heimilt er gegn skriflegu umboði að veita umboðsmönnum rétt til að sækja hluthafafundi og fara með atkvæðisrétt, einnig eiga hluthafar rétt á arðgreiðslum, forgangsrétt til skráningar fyrir nýjum hlutum í hlutfalli við hlutafjäreign og rétt á greiðslum af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Enginn hluthafi verður skyldaður til að þola innlausn hluta síns að öllu eða einhverju leyti samkvæmt núgildandi samþykktum félagsins.

Engar hömlur eru á framsali á hlutum í útgefanda. Enginn getur nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi sannað eign sína á hlutum.

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða eins og þeim kann síðar að verða breytt á löglegan hátt.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Því ákvæði verður ekki breytt og það verður ekki fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

Hlutabréf eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa ásamt reglugerð nr. 397/2000, sem sett er með stoð í fyrrgreindum lögum. Hlutaskrá, samanber 11. gr. laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa, skoðast fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma svo og tilkynningar allar sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi umræddra hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti.

Öll réttindi hluthafa í útgefanda eru háð samþykktum félagsins, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og annarri gildandi löggjöf.

## 6.4 Arðgreiðslur

Nýherji hf. hefur þá stefnu að greiða um þriðjung hagnaðar í arð til hluthafa. Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs hverju sinni eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir. Samkvæmt samþykktum félagsins skal aðalfundur haldinn fyrir lok júní ár hvert. Í samþykktum félagsins, samanber hér að framan, er kveðið á um réttindi til arðgreiðslna.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er hlutafélögum heimilt að ákvarða um réttindi til arðs.

Gjalddagi arðs skal eigi vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan þriggja ára frá gjalddaga, en geri hann það ekki fellur arðurinn til félagsins.

Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum m.t.t. fjárhagsstöðu samstæðunnar, enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

## 6.5 Yfirtökutilboð

Aðili sem hefur beint eða óbeint náð yferráðum í skráðu félagi á skipulegum verðbréfamarkaði er skyldugur til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Yferráð eru skilgreind þannig að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

- Eigi a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu
- Hafi yfir að ráða með samningi a.m.k. 40% atkvæða í félaginu
- Hafi öðlast rétt til að setja af eða tilnefna meirihluta stjórnar í félaginu

Setja skal fram yfirtökutilboð eigi síðar en fjórum vikum eftir að yferráðum hefur verið náð. Tilboðsgjafi skal bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði, skv. 103. gr., skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í félaginu síðustu sex mánuði áður en tilboðið var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta víðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Á þeim tíma er þessi skráning er rituð fer enginn hluthafi með yferráð í félaginu samkvæmt ofangreindri skilgreiningu.

Ekki hefur borist yfirtökutilboð til hluthafa frá þriðja aðila í hlut þeirra í félaginu, hvorki á yfirstandandi fjárhagsári né á síðastliðnu fjárhagsári.

## 6.6 Innlausn

Samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, er kveðið á um að ef hluthafi, sem sett hefur fram yfirtökutilboð, og þeir aðilar sem hann er í samstarfi við, eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði geti tilboðsgjafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum. Ef tilboðsgjafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast sanngjarnt innlausnarverð nema ákvæði 3. mgr. 103. gr. áðurnefndra laga eigi við. Ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við hafa eignast meira en 9/10 hlutafjár getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum og gilda þá sömu reglur um innlausnarverð og getið er hér að framan.

Í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, er kveðið á um að ef hluthafi fari með meira en 9/10 hlutafjár í félagi og hefur yferráð yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafi og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Réttur hvers einstaks hluthafa minni hlutans er að sama skapi sá að geta krafist innlausnar.

Enginn einstakur hluthafi fer með 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félaginu þegar hlutafjáraukning fer fram.

## 6.7 Slit eða skipti á félaginu

Í samþykktum félagsins er kveðið á um að með slit á félaginu og samruna eða sameiningu við önnur félög skuli fara eftir ákvæðum hlutafélagalaga.

## 6.8 Heimildir til hlutafjáraukningar

Á aðalfundi félagsins 26. janúar 2007 var samþykkt heimild til stjórnar félagsins að hækka hlutafé þess um allt að 36 m.kr. að nafnverði með sölu nýrra hluta. Jafnframt féllu hluthafar frá forkaupsrétti sínum, en stjórn félagsins mun ákveða útboðsgengi bréfanna og sölureglur hverju sinni. Skal áskrift fara fram samkvæmt ákvæðum samþykpta félagsins og V. kafla hlutafélagalaga. Stjórn félagsins hefur heimild til að kaupa allt að 10% af nafnverði hlutafjár félagsins, enda sé kaupverð ekki meira en 20% hærra eða lægra en síðasta skráða gengi í OMX ICE.

Á aðalfundi félagsins 25. janúar 2008 var samþykkt heimild til stjórnar um að auka hlutafé félagsins um allt að 65 milljónir með útgáfu nýrra hluta og ráðstafa með eftirfarandi hætti: Allt að 25 milljónir til greiðslu fyrir hlutafé í TM Software hf. og falla núverandi hluthafar frá forkaupsrétti sínum til kaupa á þeim hlutum. Allt að 40 milljónir ætlaðar til sölu til núverandi hluthafa og starfsmanna innan Nýherjasamstæðunnar.

Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti umfram hömlur á öðrum hlutum í félaginu og skulu nýir hlutir veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimildin gildir í níu mánuði frá samþykki hennar.

## 6.9 Skattamál

Skattaleg meðferð hluta í útgefanda fer eftir gildandi skattalögum hverju sinni. Hlutabréf í útgefanda eru stimpilskyld og greiðir félagið stimpilgjöld við útgáfu. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér óháðrar ráðgjafar í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í bréfum útgefanda kann að hafa í för með sér.

Félaginu er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum til hlutahafa, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996, um fjármagnstekjuskatt.

Söluhagnaður af bréfum útgefanda er skattskyldur á Íslandi. Varðandi sölu aðila sem hafa heimilisfesti í öðru landi þarf að kanna hvort í gildi séu tvísköttunarsamningar við það ríki sem sá aðili býr í, og ef svo reynist þarf að kanna hvort íslenska ríkið á rétt á því að skattleggja söluhagnaðinn.

# Skilmálar útboðsins

## 7.1 Útboðsfjárhæð, sölutímabil og gengi

Á aðalfundi Nýherja hf. hinn 25. janúar 2008 var samþykkt að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé félagsins um allt að 65 milljónir með útgáfu nýrra hluta vegna kaupa á ráðandi hlut í TM Software hf. Ákveðið hefur verið að auka hlutafé um allt að 45 milljónir með útgáfu nýrra hluta. Til hluthafa í TM Software hf. fara 15.902.553 hlutir sem hluti af greiðslu fyrir eignarhlut þeirra. Núverandi hluthöfum útgefanda verður boðið að kaupa 27.097.447 hluti og starfsmönnum Nýherjasamstæðunnar 2.000.000 hluti. Nýir hlutir verða boðnir á genginu 22, en nafnverð hvers hlutar er ein króna. Heildarsöluvirði útgáfunnar er því allt að 990 m.kr. og hámarksfjárhæð áskriftar 640 m.kr.

Útboðstímabil vegna útgáfu nýrra hluta miðast við upphaf og lok sölu. Útboðið hefst kl. 09:00 hinn 17. mars 2008 og lýkur kl. 10.00 hinn 25. mars 2008. Útboðstímabili verður ekki breytt. Liggja þarf fyrir bindandi samþykki kaupanda nýrra hluta fyrir lok útboðsins. Gjaldtagi greiðslu grunnréttar er 28. mars 2008. Gjaldtagi greiðslu viðbótarréttar er 28. mars 2008. Ekki er hægt að afturkalla útboðið eða fresta því eftir að það hefst.

## 7.2 Sölufyrirkomulag

Hluthöfum Nýherja hf. verður boðið að kaupa 27.097.447 hluti og starfsmönnum boðið að kaupa 2.000.000 hluta í útboði. Einungis þeir sem eru skráðir hluthafar í Nýherja hf. hinn 13. mars 2008 eiga rétt á þátttöku í útboðinu og er áskriftarréttur ekki framseljanlegur. Allir starfsmenn Nýherjasamstæðunnar hinn 14. mars 2008 eiga rétt á þátttöku í útboði. Hverjum starfsmanni er boðið að kaupa 5.000 eða 10.000 hluti.

Þeir sem hyggjast nýta sér rétt sinn skulu fylla út áskriftareyðublað og skila því útfylltu og undirrituðu í höfuðstöðvar Sparisjóðs Mýrasýslu Digranesgötu 2, 310 Borgarnes, fyrir lok sölutímabils. Áskriftareyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu umsjónaraðila, [www.spm.is](http://www.spm.is). Einnig er hægt að senda útfyllt áskriftareyðublað í pósti á ofangreint heimilisfang, með faxi til umsjónaraðila, en faxnúmerið er 430-7543, eða með tölvupósti, en tölvupóstfang er [skraning@spm.is](mailto:skraning@spm.is).

Þátttaka hluthafa í útboði miðast við hlutfallslega eign hans hinn 13. mars 2008 á virkum hlutum félagsins. Hluthafi getur lýst því yfir á áskriftareyðublaði að hann sækist eftir að eignast fleiri hluti en hann á rétt á og vilji þar af leiðandi eignast þá hluti sem aðrir hluthafar vilja ekki kaupa. Hluthafi verður að taka fram hversu marga hluti hann er tilbúinn að kaupa í umframáskrift. Á sama hátt getur hluthafi lýst því yfir að hann sækist eftir færri hlutum en honum er heimilt að kaupa. Hlutir sem ekki fæst áskrift fyrir ganga til hluthafa sem skráð sig hafa fyrir umframáskrift, þ.e. vegna hluta þar sem hluthafi tekur ekki þátt í útboði eða skráir

sig fyrir færri hlutum en réttur hans segir til um. Útdeiling umframáskriftar hluthafa fer eftir hlutfallsseign þeirra sem skrá sig fyrir umframáskrift. Yfirlýsing hluthafa um að hann ætli sér að nýta rétt sinn og eftir atvikum sækjast eftir umframáskrift er skuldbindandi fyrir þann sem skráir slíka yfirlýsingu á áskriftareyðublað.

Verði umframáskrift á hlutum til starfsmanna lækkar fjöldi hluta sem þeir hafa skráð sig fyrir í samræmi við hlutfallslegt vægi umframáskriftar. Yfirlýsing starfsmanns um að hann ætli að nýta sér rétt sinn er skuldbindandi fyrir þann sem skráir slíka yfirlýsingu á áskriftareyðublaði.

### **7.3 Greiðslufyrirkomulag, afhending og gjalddagi**

Greiðsla fyrir nýja hluti fer þannig fram að hluthöfum og starfsmönnum sem taka þátt í hlutafjáraukningunni og hefur verið úthlutað nýjum hlutabréfum verður sendur greiðsluseðill með gjalddaga 28. mars 2008. Greiðsluseðill verður sendur 25. mars á heimili viðtakanda. Þegar greiðsluseðill hefur verið greiddur verður nýtt hlutafé skráð rafrænt á nafn hluthafa. Verði greiðsluseðillinn ekki greiddur á gjalddaga hefur stjórn útgefanda heimild til þess að innheimta greiðsluseðilinn eða úthluta óseldum hlutabréfum í hlutfalli við eignarhlut í útgefanda á þá hluthafa sem hafa óskað eftir umframáskrift. Sé þörf á innheimtu hlutafjárloforða mun innheimtukostnaður falla á þann sem innheimt er hjá í samræmi við almennar reglur um innheimtu fjárfagna. Umsjónaraðili mun annast útgáfu og innheimtu greiðsluseðla í tengslum við hlutafjáraukninguna. Skráning fer fram hjá umsjónaraðila. Ný bréf verða gefin út hjá Verðbréfaskráningu Íslands eigi síðar en 2. apríl 2008. Sparisjóður Mýrasýslu sér um úthlutun bréfa. Sótt hefur verið um töku nýrra bréfa til viðskipta á OMX ICE og tekur OMX ICE ný hlutabréf til viðskipta eigi síðar en 3. apríl 2008.

### **7.4 Söluþrygging**

Hlutafjáraukningin er ekki söluþryggð og ekki er nauðsynlegt að ná tiltekinni lágmarksáskrift til að aukningin teljist skuldbindandi gagnvart hluthöfum og starfsmönnum sem hafa skráð sig fyrir henni.

### **7.5 Niðurstöður hlutafjáraukningarinnar**

Niðurstaða hlutafjáraukningarinnar verður birt opinberlega að sölutímabili loknu og áður en greiðsluseðlar verða sendir út. Niðurstöður útboðs verð birtar fyrir klukkan 16:00 26. mars 2008. Ekki er gerð krafa um lágmarksáskrift til að útboðið teljist gilt.